

“Ný réttarhöld” í máli
Agnesar Magnúsdóttur,
Friðriks Sigurðssonar
og
Sigríðar Guðmundsdóttur
haldin af Lögfræðingafélagi Íslands í félagsheimilinu
á Hvammstanga laugardaginn 9. September 2017

D Ó M U R

Með játningu ákærða Friðriks, sem studd er framburði meðákærðu Agnesar og Sigríðar og vætti vitna, er sannað að þessa nótt veittist hann að Natani Ketilssyni og Pétri Jónssyni frá Geitaskarði þar sem þeir sváfu að næturlagi í rúmum á Illugastöðum í því skyni að bana þeim, með því að slá þá í höfuðið með hamri og í kjölfar þess að hafa stungið þá margsinnis með hnífi í líkamann eins og nánar er rakið í ákæru. Varðar þessi háttsemi hans við **mandrápsákvæði** 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Á sama hátt er sannað með játningum Agnesar og Sigríðar, sem studdar eru af framburði Friðriks og vætti vitna að þær lögðu á ráðin og hvöttu Friðrik til drápanna og buðu honum liðsinni sitt allt eins og nánar er lýst í ákærunni. Þessi hlutdeilt þeirra í brotum Friðriks varðar við 211. gr., sbr. 22. gr. sömu laga.

Með játningu allra ákærðu sem fær stoð í vætti vitna er einnig sannað **þjófnaðarbrot** þeirra, sem lýst er í II. kafla ákæru og er brotið þar rétt heimfært til refsíákvæða, en enginn vafi er á að öll verðmætin sem þau stálu eru andlag þjófnaðar, þótt ósannað sé að þau hafi verið mikil.

Í III. kafla ákæru er Friðriki og Agnesi gefin að sök **brenna og ósæmandi meðferð á líkum** Natans og Péturs, eins og þar er nánar lýst, og ákærðu Sigríði hlutdeild í þeim brotum. Ákærðu hafa játað verknaðinn, en af þeirra hálfu er talið, að ekki hafi staðið almannahætta af eldsvoðanum, enda hafi mönnum hvorki verið bersýnilegur lífsháski búinn af honum né hætta á að hann hefði í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna. Beri því að sýkna þau af broti gegn ákvæði 164. gr. hegningarlaga um brennu. Fallist er á þessa málsvörn ákærðu, enda liggur engin matsgerð fyrir um hvort almannahætta hafi stafað af eldsvoðanum, en við það var látið sitja að afla afar ófullgerðrar skoðunargerðar. Eru Friðrik og Agnes því sýknuð af því að hafa gerst sek um brennu.

Þá telja ákærðu að ekki eigi heldur að fallast á varakröfu ákæruvaldis um að þau hafi valdið **miklum**

eignaspjöllum, enda hafi verið um óveruleg verðmæti að ræða. Dómurinn telur nægilega fram komið að í kjölfar íkveikjunnar hafi orðið mikil eignaspjöll á baðstofunni, -helsta hýbýli bæjar og svefnstaður-, en hún brann að mestu ásamt ýmsum eigum Natans, en þessi hýbýli og verðmæti verður að færa til núvirðis, enda er enn hægt aðbenda á fjölmarga reisulega torfbæi, sem enn standa. Sú vörn ákærðu að nú séu þessa vistarverur verðlausir moldarkofaskrifli er því haldlaus. Er samkvæmt þessu fallist á með ákærvaldinu að fella beri verknad þeirra Friðriks og Agnesar undir **meiri háttar eignatjón** eftir 2. mgr. 257. gr. hegningarlaga, en hlutdeild Sigríðar í honum undir sama ákvæði, sbr. 22. gr. laganna.

Ákærðu mótmæla ennfremur að ákvæði hegningarlaga um **ósæmilega meðferð á líkum** þeirra Natans og Péturs eigi hér við. Í 1. mgr. 124. gr. þeirra er mælt svo fyrir að gerist maður sekur um ósæmilega meðferð á líki, varði slíkt sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Friðrik og Agnes smurðu líkin með lýsi og lögðu eld að rúmum sem þau lágu í með þeim afleiðingum að líkin brunnu illa. Telst meðferð þessi á líkunum í sjálfri sér ósæmileg í skilningi þessa lagaákvæðis og eru þau því sakfelld fyrir brot á því.

Um ákvörðun refsingar:

Refsing ákærða Friðriks

Ljóst er af framburði ákærðu Friðriks, Agnesar og Sigríðar, sem fær stuðning í vætti vitna, að með Friðrik hafði, allt frá jólaleytnu 1827, búið sá ásetningur að bana Natani vegna ágreinings þeirra um hvalamál og löngunar hans til að komast yfir fjármuni hans. Sagði hann Sigríði frá þessum áformum og í febrúar tjáði hún Agnesi frá þeim. Kom hann tvívegis áður að Illugastöðum og sagði Sigríði að hann ætlaði að drepa Friðrik, en hún aftraði því. Eftir það ræddi Sigríður við Agnesi sem bað hana að aftra þessu ekki lengur og leiddi henni fyrir sjónum þær “skammir”, eins og Agnes orðaði það, sem þær hafi fengið hjá Natani. Fór Sigríður þá í samráði við Agnesi í Katadal til Friðriks og bað hann að hætta ekki við. Friðrik fór svo að kvöldlagi 13. mars 1828 til Illugastaða, en skömmu áður hafði hann skipulagt aðförina með meðákærðu.

Friðrik hefur skýrt svo frá fyrir dómi að hann hafi þetta kvöld komið gangandi í rökkri að Illugastöðum, farið í fjósið og hitt þar Agnesi og Sigríði. Þær hafi sagt að Natan og Pétur væru sofnaðir í bæjarhúsinu. Hann hafi þá boðið þeim að hætta við þá ráðagerð þeirra að drepa Natan fyrst svo stóð á að Pétur var líka á bænum. Þessu hafa þær báðar mótmælt og staðhæft að hann hafi verið reiðubúinn að láta til skarar skríða. Verður þessi framburður þeirra lagður til grundvallar í málinu. Hann veittist við svo búið að sofandi mönnunum á hrottalegan hátt og bar eld að líkum þeirra. Var ásetningur hans til þessara kaldrifjuðu níðingsverka, sem hann hafði skipulagt í samráði við meðákærðu, einbeittur og harður og skeytti hann engu þótt annar maður, sem hann átti ekkert sökótt

við, var sofandi á bænum þessa nótt. Verknaður hans var aðallega knúinn af hatri á Natani og í ávinningsaskyni, en hann hafði einnig áform um að komast yfir kot til ábúðar eða jafnvel Illugastaði að Natani látnum. Þá reyndi Friðrik að dylja morðin með því að smyrja líkin með lýsi ásamt Agnesi og leggja eld að þeim með þeim afleiðingum að bæjarhúsið brann að mestu svo af hlaust mikið eignatjón. Að framansögðu virtu verður við ákvörðun refsingar Friðriks vísað honum til refsipýngingar til 1., 2., 6. og 7. töluliða 1. mgr. 70. gr. hegningarlaga og 2. mgr. sömu greinar þar sem þjófnaðar- eignaspjalla-og líkmeðferðarbrotin voru unnin í sameiningu með annars vegar með Agnesi og hins vegar þeim báðum, eins og nánar lýst er í II. og III. kafla ákæru. Á hinn bóginn er honum til refs mildunar að hann játaði brot sín og var aðeins 17 ára að aldri þegar hann framdi þau, sbr. 4. töluliður 70. gr. hegningarlaga, en auk þess ber að vísa til 2. töluliður 1. mgr. 74. gr. sömu laga, en þar er mælt fyrir um að aldrei megi dæma mann í þyngri refsingu en 8 ár sé hann ekki fullra 18 ára og álíta megi að vegna æsku hans, að full refsing sé ónaðsynleg eða skaðleg. Þá verður að líta til þess að ást hans á Sigríði, sem hann hlaut að vita að Natan hafði beitt harðræði, hafi átt þátt í að knýja hann til hinna illu verka. Að öllu þessu virtu og með vísan til þess að dæma ber ákærða fyrir öll brotin í senn, sbr. 77. gr. hegningarlaga, er refsing Friðriks ákveðin fangelsi í **7 ár**.

Refsing ákærðu Agnesar og Sigríðar.

Ákærðu Agnes og Sigríður ráðgerðu eins og fyrr hefur verið rakið að bana Natani og hvöttu ákærða Friðrik til þess. Þær tóku þátt í að skipuleggja brotin með honum nokkrum dögum áður og veittu honum einnig þegar á hólminn var komið liðsinni sitt í hinum kaldrifjuðu morðum á tveimur sofandi mönnum, bæði í orði og verki, og tóku fjármuni ófrjálsri hendi. Var hlutdeild þeirra í brotunum því mjög mikil. Agnes hefur að auki verið sakfelld fyrri meiri háttar eignaspjöll og ósæmilega meðferð á líkunum eins og fyrr er getið og Sigríður fyrir hlutdeild í þeim. Ásetningur þeirra til brotanna var einbeittur og þær skeyttu því engu að Pétur varð af hreinni tilviljun fórnarlamb hinna hrottalegu morða. Allt er þetta virt þeim til refsipýngingar og er hér vísað til sömu ákvæða og getið er hér að framan varðandi refsíákvörðun Friðriks.

Á hinn bóginn er ljóst af framburði þeirra að þær voru hræddar við Natan, sem var alræmdur skapofsamaður, og óttuðust jafnvel stundum um líf sitt. Þær töldu sig ekki geta með góðu móti sloppið frá Natani og sögðu hann hafa “skammað” þær mikið og verða þessi ummæli ekki skilin á annan veg en þann að hann hafi beitt þær miklu harðræði og heimilisofbeldi. Fær sá skilningur stoð í því að Agnes flúði vistina tvívegis á næstu bæi og þorði ekki heim og báðar vildu þær komast frá Illugastöðum undan ægivaldi Natans og biðluðu til Friðriks um aðstoð til þess. Þá er fram komið að Natan, sem var á fertugsaldri, hafði að staðaldri kynferðismök við Sigríði þegar hún var barn að aldri, en á þeim tíma sem hún var í vist hjá Natani var hún 14-16 ára gömul og undir húsbóndavaldi hans. Þykir hafið yfir vafa að hin illa meðferð Natans á konunum hafi verið kveikjan og aðalhvötin að

brotum þeirra, en að auki virðist Sigríður hafa ágirnst fé Natans, þar sem hún kvaðst einnig hafa viljað “styrkjast til búskapar með því er hann ætti”.

Við yfirheyrslu fyrir dómi kom fram að Agnes hafi sagt, þegar ljóst var að Natan var látinn, að hann gæti ekki lengur “laspuverað” sig til “eður neitt af kvenfólki”. Ágreiningur er um hvað Agnes hafi átt við með þessu orði, enda finnst það ekki í orðabók, en orðið laspútera þýðir hins vegar samkvæmt orðabók að skamma, og orðasambandið að “lapsa til” að skamma, ráðast á með stóryrðum, hrakyrða, tugta. Af hálfu Agnesar og Sigríðar er því hins vegar haldið fram, meðal annars með vísan til latnesks uppruna orðsins að hér hafi Agnes bæði átt við líkamsmeiðingar og kynferðislegt ofbeldi. Þar sem vafi leikur á hvað hér sé átt við verður ekki í máli þessu slegið föstu án frekari sönnunargagna að með þessum ummælum sé átt við kynferðislegt ofbeldi. Til refsímdunar verður að líta til þess mikla harðræðis sem þær Agnes og Sigríður bjuggu við í vistaböndum á Illugastöðum undir ægivaldi húsbónda þeirra svo og hins unga aldurs Sigríðar, en hún var aðeins 16 ára gömul er hún framdi brotin, umkomulaus, hrekkláus og óframfærin. Agnes var þá hins vegar rúmlega þrítug og verður aldur hennar því ekki metinn henni til refsilækkunar. Hún var vel gefin og átti að hafa vit fyrir meðákærðu, sem voru mjög ung að aldri, og reyna að telja þeim hughvarf. Í stað þess “herti hún Friðrik upp til framkvæmdanna”, eins og Friðrik orðaði það í yfirheyrslu, þegar á leið ráðabruggi þeirra og hún lagði að Sigríði að gefast ekki upp við morðáformin. Þegar allt framangreint er virt er refsing Agnesar ákveðin fangelsi í **14 ár**, en refsing Sigríðar **5 ár**.

Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldið sem þau sættu við rannsókn málsins.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Friðrik Sigurðsson, sæti fangelsi í 7 ár.

Ákærða, Agnes Magnúsdóttir, sæti fangelsi í 14 ár.

Ákærða, Sigríður Guðmundsdóttir, særi fangelsi í 5 ár.

Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldið sem þau sættu við rannsókn málsins.

Ákærðu greiði hvert um sig 1.000.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna hæstaréttarlögmannanna, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur og Gests Jónssonar.

Ingibjörg Benediktsdóttir, Davíð Þór Björgvinsson og Kolbrún Sævarsdóttir.